



FRÆKORNID

FRÆDSLURIT SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

BLÁGRENI

INNGANGUR

Blágreni (*Picea engelmannii*) er önnur algengasta grenitegundin í ræktun á Íslandi, næst á eftir sitkagreni. Það hefur verið ræktað hér allt frá árinu 1905 en þá voru nokkur tré gróðursett í Mörkinni á Hallormsstað, sem hafa nú náð um 20 m hæð. Þessi tré eru væntanlega upprunnin í um 3000 m hæð í Klettafjöllum Bandaríkjana. Þau báru fyrst fræ árið 1946 og vaxa afkomendur þeirra nú víða um land.

Heimkynni blágrenis eru í vestanverðri norður Ameríku, frá Nýju Mexíkó í suðri allt norður í miðja Bresku Kólumbíu. Þar vex það yfirleitt nokkuð hátt yfir sjó, syðst allt upp í 3700 m hæð en nyrst upp í um 1500-2000 m hæð. Blágreni er langlíf trjátegund sem nær í heimkynnum sínum 400-500 ára aldri og getur orðið allt að 50 m há við bestu vaxtarskilyrði.



Blágreni er formfallegt, sigrænt tré sem hefur reynst vel í ræktun hér á landi og hentar við fjölbreytt skilyrði.



Blágreni hentar vel í rýmri garða svo og á sumarhúsasvæðum og í útivistarskógrækt. Það hefur fallega krónu sem verður ekki mjög umfangsmikil.

NOTKUN

Blágreni hefur reynst vel í ræktun hér á landi og er það nú að finna í nær öllum héruðum landsins. Það er álitlegt til ræktunar hjá garð- og sumarhúsaeigendum, í útivistarskóga og -svæði, til viðarnytja og síðast en ekki síst til notkunar sem jólatré. Þá sækjast ýmsir handverksmenn eftir viði blágrenisins.

RÆKTUN

Blágreni er frekar seinvaxið og hefur nokkuð mjóslegna, súlulagaða krónu. Greinarnar leggjast auðveldlega niður undan snjóþyngslum og hentar tegundin því vel á snjóþungum stöðum. Þetta sést glögggt á snjóþungum stöðum hér á landi, eins og til dæmis á Siglufirði, þar sem blágreni hefur komið afar vel út. Annar eiginleiki blágrenis er sá að það er skuggþolið og getur vaxið við lægri sumarhita en flestar aðrar grenitegundir. Blágrenið vex best í frjóum, rökum jarðvegi og svarar áburðargjöf vel. Það getur þó náð sæmilegum þroska í þurrum og nokkuð rýrum jarðvegi. Ágætt er að bera reglulega tilbúinn áburð á blágreniplönturnar.

Blágreni hentar ágætlega sem jólatré en það heldur barrinu betur en rauðgreni og hefur oft mjög formfallega krónu.




MEINDÝR

Helsta vandamálið við ræktun blágrenis tengist meindýri sem kallast sitkalús. Hún er græn, á stærð við tituprjónshaus og heldur sig neðan á nálunum. Getur hún valdið skemmdum og lýsa þær sér í því að nálarnar verða brúnar og falla af trénu. Lúsín hefur valdið skemmdum um allt land. Hún þolir illa mikið frost og er því óalgengari inn til landsins, heldur en nærri ströndinni, þar sem vetur eru mildari.


Undantekning er þó að lúsín drepi tré, en hún getur dregið úr vexti þeirra í slæmum lúsaárum. Til að sporna gegn lúsinni þarf að gæta þess að tré standi ekki of þétt í skógarlundum, því það gerir lífsskilyrðin betri fyrir hana. Hún kann best við sig í dimmu og raka og á hún þá einnig auðveldara með að komast á milli trjáa í þéttum lundum. Því er það helst til ráða að grisja skógarreit, ef lús kemur upp í þeim. Hæpið er að fara út í úðun á skógarreitum sem hafa meira en nokkra tugi trjáa. Komi hins vegar lús á stök tré í gördum er sjálfsagt að úða gegn henni. Þannig er hægt að halda henni algerlega í skefjum.



Sitkalús getur valdið skemmdum á blágrenitrjám



Greinavinkill blágrenis er um 90°; nokkuð sem hefur áhrif á hversu vel því gengur að standa af sér snjóþyngsli.



Blágreninálar eru minna hvassar en til dæmis nálar sitkagrenis, hvítgrenis, broddgrenis og rauðgrenis. Því er auðveldlega hægt að taka krepptri hendi um greinar blágrenitrjáa.

GREINING

Blágreni líkist öðrum norður amerískum grenitegundum og nafnið, blágreni, er ekki mjög ábyggilegt greiningareinkenni. Margar aðrar tegundir eru ekki síður bláleitar

Tvö atriði má nefna sem eru handhæg til að greina blágreni. Hið fyrra er greinavinkillinn. Greinar blágrenisins mynda um 90° horn útfra stofni meðan greinar sitkagrenis eru til dæmis uppsveigðar. Hitt einkennið er að nálarnar eru alls ekki eins hvassar og á flestum öðrum grenitegundum sem hér eru ræktaðar. Því er yfirleitt hægt að grípa með krepptum hnefa um blágrenigreinar, sem er til dæmis afar óþægilegt á sitkagreni.

ISSN 1605-5020



Nesprýði

SUDURLANDSSKÓGAR



Einstakar bækur

fyrir ræktendur



Í bókunum er fjallað á skýran og aðgengilegan hátt um 54 tegundir laufrjáa og 34 tegundir bartrjáa sem vaxa á Íslandi.



**Verð
aðeins
kr. 2.700.-
hvar bók**



Sumarhúsið og garðurinn ehf.
Stöðmúla 15, 108 Reykjavík
Sími 586 8005 • www.rit.is

Höfundur: Jón Geir Pétursson. Teikningar: Aðalsteinn Sv. Sigfússon. Prentvinnsla: Viðey ehf.
Útgefandi: Skógræktarfélag Íslands, Skúlatúni 6, 105 Reykjavík. www.skog.is